

## **Verkefnaráð**

### **Fundargerðir: Verkefnaráð 30.05.2024**

<b>Verkefnaráð</b> .....	1
MÍR kortið – niðurstaða frumathugunar (POC) og næstu skref .....	2
Heimaþjónusta og búsetukerfi, beiðni um aukið fjármagn .....	5
Símkerfi Reykjavíkurborgar: Staða og ný kostnaðaráætlun .....	7
Umsjónarkerfi spjaldtölvur (MDM)/Jamf.....	9
Kynning á Búa .....	10
Önnur mál .....	11

# Verkefnaráðsfundur 30.05.2024

<b>Verkefni</b> Verkefnaráð	<b>Yfirskrift fundar</b> Verkefnaráðsfundur 2024
<b>Dagsetning</b> 30.5.2024	<b>Staðsetning</b> Borgartún 12-14
<b>Mættir:</b> Eva Björk Björnsdóttir, Harpa Atladóttir, Óskar Sandholt, Þröstur Sigurðsson, Ólafur Sólimann Helgason, Lára Aðalsteindóttir, Salvör Gyða Lúðvíksdóttir, Lára Böðvarsdóttir, Jóhann Jökull Ásmundsson, Ágústa Rós Árnadóttir, Inga Jessen	
<b>Fjarverandi:</b> Ásta Þöll Gylfadóttir, Arna Ýr Sævarsdóttir	
<b>Fundarritari:</b> Harpa Atladóttir, Eva Björk Björnsdóttir	

## Dagskrá fundar

Þriðjudagur 30. maí 2024, kl. 10:00 – 12:00 – 6.hæð vestur, Þverárkot, Borgartún 12-14

10:00 -10:05 Samstilling

10:05–10:20 MÍR kortið – niðurstaða POC og næstu skref : Lára og Salvör

10:20–10:25 Umræður

10:25–10:40 Heimaþjónusta og búsetukerfi – aukið fjármagn: Lára Böðvars.

10:40–10:45 Umræður

10:45-11:00 Símkkerfi Reykjavíkurborgar - staða og ný kostnaðaráætlun: Jóhann Jökull

11:00-11:05 Umræður

11:05-11:20 Umsjónarkerfi spjaldtölvur (MDM)/Jamf – umfangsstækkun : Ágústa Rós

11:20-11:25 Umræður

11:25-11:40 Kynning á Búa - Inga

11:40-11:45 Umræður

11:45-12:00 Almennar umræður

12:00 Fundi slitið

## MÍR kortið – niðurstaða frumathugunar (POC) og næstu skref

Verkefnið kemur sundlaugum, söfnum ásamt Fjölskyldu- og húsdýragarðinum undir einn hatt. Það er ein lausn, eitt kort og eitt kerfi.

Borgabúar og gestir geta fylgst með gangi mála, sótt um og fyllt á kortin sín á sínu heimasvæði. Kortið verður aðgengilegt í snjallveskjum og geta notendur skannað sig sjálf inn við afgreiðslu og þar með létt á álagi framlínustarfsmanna.

Verkefnið dregur úr plastnotkun, minnkar kolefnisspor borgarinnar og er mikilvægur þáttur í stafrænni umbreytingu Reykjavíkurborgar.

Verkefnastjóri og stafrænn leiðtogi kynntu niðurstöðu frumathugunar og lögðu til að fara í framhaldi í verkefni sem felur í sér útboð, samkeppnisviðræður til að aðlaga þarfir borgarinnar að boðnum lausnum.

**Búið er að gera:**

Það var farið í frumathugunarverkefni þar sem gerður var tímabundinn samningur við Passentry til að sannreyna tækni og tengingar. Markmiðið var að:

- Kanna tengingar API lausnar Passentry við framenda reykjavik.is - jákvætt
- Tengja BRP og Centrara við Passentry - jákvætt
- Prófa tengingu milli Passentry, BRP og Gantner hliða - jákvætt
- Auðkenning á reykjavik.is – vitum að island.is tenging virkar á Mínum síðum. Greiðslugátt á reykjavik.is ekki til staðar eins og er.

Tæknilausnin sem skoðuð var í verkefninu uppfyllir þarfir sem lagt var upp með í upphafi verkefnis.

Auk þess er búið að:

- Greina þjónustuveitingu.
- Leggja fram tillögu að einföldun á gjaldskrá – samtal í gangi við pólitískan starfshóp innan MÍR.
- Útbúa frumgerð að framenda fyrir framtíðarlausn.

**Með verkefninu á m.a að:**

Meginmarkmið þessa verkefnis er að hanna leið til að einfalda ferlið við að sækja þær þjónustur með stafrænum aðgangskortum, miðum og áskriftum. Núverandi ferli er oft tímafrekt bæði fyrir íbúa og starfsfólk, en þetta verkefni miðar að því að einfalda notendaupplifunina, stytta afgreiðslutíma bæði fyrir íbúa og starfsfólk og stuðla að sjálfbærni með því að lágmarka plastnotkun.

**Væntur ávinningur/ábati:**

Þetta er vara sem felur í sér notendavæna þjónustu, það verður hægt að bæta við nýjum vörum og það eru tækifæri í vöruþróun.

- Hætta með plastkort - ný plast kort á ári eru í dag 10.000
- Hætta að prenta aðgangsmiða á pappír
- Tími fæst til sölu og þjónustu á öðru en aðgangseyri
- Tækifæri í smásölu
- Vöruþróun
- Viðhald prenttækja
- Starfsánægja
- Ánægja viðskiptavina

Gróflega áætlaður ábati er amk 11.000.000 kr. á ári.

**Tímarammi:** 13 mánuðir

**Áætlaður kostnaður:** 69,4 miljónir

**Óskað er eftir:**

- Stuðning við framgang verkefnis
- Fjármagn úr eignasjóði sbr. kostnaðaráætlun
- Ósk um verkefnastjóra, vörustjóra, þjónustuhönnuð, vöruhönnuð, aðkomu DevOps og stoðþjónustu PON s.s. lögfræðiaðstoð
- Aðkomu og aðstoð Mírar síður teymis við gerð greiðslugáttar á reykjavik.is og mírar síður á reykjavik.is

**Næstu skref:**

- Undirbúa útboðsgögn fyrir samkeppnisviðræður
- Vinna gjaldskrá fyrir þjónustur MÍR í samstarfi við pólitískan starfshóp á MÍR
- Ítarlegra ábatamat
- Ítarlegri kostnaðaráætlun
- Hanna framenda og greiðslugátt
- Setja upp þjónustur MÍR í þeirri lausn sem valin er
- Samþætting lausnar
- Prófanir
- Útbúa kynningaráætlun
- Innleiðing á starfsstöðum MÍR
- Kynning til viðskiptavina

**Tegund verkefnis:** Fjárfestingarverkefni

**Skor verkefnisins í Fylkinu:**

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 30.05 2024: 5 5 1 5 5 3 3,53

**Niðurstaða verkefnaráðs:**

Styðjum verkefnið. Ef það er hægt að seinka öðru að þá gæti þetta farið af stað. Skoða þarf nánar hversu flókið er að fá greiðslugáttina inná Mírar síður. Ef verkefnið rúmast innan fjárfestingaáætlunar þá er það samþykkt. Loka verkbeiðni og stofna nýja.

Gera þarf heimildarbeiðni og verkefnastjóri byrjar á því miðað við forsendur sem settar voru fram.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt með fyrirvara – sjá hér ofar.

**Aðgerðalisti**

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga verkefnis um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu, umbreytinga og vef og vörustýringar um niðurstöðu verkefnis	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

## Heimþjónusta og búsetukerfi, beiðni um viðbótarfjármagn eftir útboð

Velferðarsvið hefur fest kaup á hugbúnaði dala.care eftir útboð í fyrra. Hugbúnaðurinn á að halda utan um vaktaplan starfsmanna og þá þjónustu sem veitt er þjónustunotendum velferðarsviðs. Þörfin fyrir slíkum búnaði er gríðarleg en í dag er mest megnis notast við excelskjöl.

**Búið er að gera:**

- Áskorunarrámmi
- Þarfagreining
- Vinnustofa með hagaðilum
- Notendaprófanir
- Útboð
- Samningur undirritaður 28. des. 2023

**Með verkefninu á m.a að:**

Meginmarkmið verkefnisins er að einfalda utanumhald vaktaplana starfsmanna og þá þjónustu sem veitt er þjónustunotendum Velferðarsviðs.

**Væntur ávinningur/ábati:**

- Mikill ávinningur er með tilkomu hugbúnaðarins þar sem hægt er að bregðast skjótt við breytingum, allar upplýsingar á einum stað, skráning á þjónustu sem innheimt er, aukin skilvirkni og sjálfvirkni.
- Ætlunin er að hugbúnaðurinn tengist Ráðgjafanum þegar hann er klár (en erum núna að sækja gögn úr Málaskránni) þar sem þjónustunotandi stofnast í dala.care og sú þjónusta sem viðkomandi þarfnast.
- Verkefnið mun draga verulega úr pappírnotkun og tíma starfsfólks sem fer í akstur, gerð vaktaplana, skráninga af pappír inni kerfi fyrir upplýsingar og innheimtu o.fl.

**Tímarammi:** Áætlað er að verkefninu ljúki 1. mars 2025

**Áætlaður kostnaður:** 70 miljónir voru veittar í verkefnið í upphafi en óskað er eftir 51 miljón í viðbótarfjármögnun

**Óskað er eftir frá verkefnaráði:**

Viðbótarfjármögnun uppá 51 mkr.

- 42,4 mkr. til viðbótar við innleiðingu hugbúnaðar.
- 8,6 mkr. vegna tækjakaupa.

Í janúar 2022 fékk verkefnið heimild frá Borgarráði upp á 200 m.kr., 70 m.kr í eignasjóð og 130 m.kr í rekstrarkostnað yfir 10 ára tímabil.

**Tegund verkefnis:** Fjárfestingaverkefni

**Skor verkefnisins í Fylkinu:**

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 30.05.2024                      5 5 5 5 5                      5,00

**Niðurstaða verkefnaráðs:**

Tækjakaup ekki samþykkt. Farsímar eru starfsmannakostnaður og fer á rekstur hjá viðkomandi sviði. Annar kostnaður sem óskað er eftir er samþykktur. Það þarf að fara með uppfærða heimildarbeiðni fyrir Borgarráð.

Nr.	Ákvörðun
1	Tækjakaup ekki samþykkt, annar kostnaður samþykktur
2	

**Aðgerðalisti**

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir verkefnastjóra um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu um niðurstöðu verkefnis	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

## Símkerfi Reykjavíkurborgar: Staða og ný kostnaðaráætlun

Markmið verkefnis er að útleiða öll 72 símkerfi Reykjavíkur og innleiða Teams Phone símkerfi sem er skýjalausn.

Í grunninn eru innleidd TeamsPhone tölvusímar fyrir flest starfsfólk og borðsímar eða skype tölvusímar útleiddir samhliða. Enn þarf að notast við borðsíma á völdum stöðum svo sem skólaumhverfi t.d. skólastofum og á Velferðarsviði þar sem umönnun er fyrir hendi.

### Búið er að gera:

- Greining ráðgjafafyrirtækis Salamon&Company
- Útboð á símtækjum
- Útboð á innleiðingu - Opin kerfi
- Innleiða símkerfi á um það bil helming allra notenda á fjórum sviðum. Velferðasvið er lokið sem er bæði stórt og flókið svið.

### Með verkefninu á m.a að:

- Einfalda rekstur á 72 ólíkum símkerfum sem voru í rekstri.
- Stuðla að þægilegra starfsumhverfi í gegnum Teams þar sem vinnuumhverfi er á einum stað.
- Einfalda samskipti þar sem hægt er að breyta símtali yfir í Teams fundi.

### Væntur ávinningur/ábatí:

- Teams Phone leyfi falla undir leyfisgjöld Microsoft 365 og hefur því bein samhliðaráhrif
- Áhættumat á rekstri símkerfanna lækkar um 15% við innleiðingu á Teams Phone sem liggur í að rekstur einfaldast með einu miðlægu símkerfi í stað margra.
- Betra starfsumhverfi og einfaldar samskipti.

**Tímarammi:** 24 mánuðir

**Áætlaður kostnaður:** 81.468.500 kr.

### Óskað er eftir:

Samþykkis verkefnaráðs á nýju verkefni sem hefst 1. júní 2024.

Kostnaður innleiðingarþjónustu:

- Opinna kerfa og verktaka
  - Verkefnastjóri
  - Teams Phone símaleyfi
  - Borðsímatæki – Kaup á borðsímaþúnaði
- Samtals kostnaður: 81.468.500 kr.

**Næstu skref**

- Uppsetning og kerfisinnleiðing Opin kerfi
- Uppsetning á 1500-1650 sínum
- Uppsetning á 160 Teams Phone leyfum

**Tegund verkefnis:** Fjárfestingaverkefni

**Skor verkefnisins í Fylkinu:**

Beðið með að skora í Fylki þar til verkefnastjóri kemur aftur fyrir verkefnaráð.

**Niðurstaða verkefnaráðs:**

Verkefni og fjármagn ekki samþykkt fyrr en framkvæmdastjórn Skóla- og frístundasviðs hefur tekið ákvörðun um borðsímana. Tilgangur teams lausnarinnar var væntanlega einnig að losa út borðsímana.

Verkefnastjóri fer með kynningu fyrir Skóla og frístundasvið og þar á að taka þessa ákvörðun. Mikil menningarbreyting sem þarf að eiga sér stað og það er á höndum Skóla og frístundasviði.

Verkefnastjóri kemur aftur fyrir verkefnaráð þegar hann er með niðurstöðu frá Skóla- og frístundasviði. Þjónustu- og nýsköpunarsvið styður ekki kaup á borðsímum og tengdan kostnað. Gengur gegn verkefninu sem upphaflega var farið af stað með og rýrir ábatann.

Nr.	Ákvörðun
1	Fjármagn ekki samþykkt.
2	Koma aftur fyrir verkefnaráð þegar niðurstaða frá SFS liggur fyrir.

**Aðgerðalisti**

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir verkefnastjóra um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit



## Umsjónarkerfi spjaldtölvur (MDM)/Jamf

Innleiða kerfi sem tryggir farsæla umsjón með Apple spjaldtölvum sem nýttar eru hjá RVK og voru áður með umsjónarkerfið Lightspeed.

### Búið er að gera:

- Velja kerfi til 1 árs með samningi við Jamf, 12 m.kr.
- Vinnufundum með Jamf er lokið.
  - Lokafundur 10. júní
- Halda upplýsingafundi með skólastjórnendum, kennurum, UT tengiliðum og Mixtúru.
- Setja upp upplýsinga- og samskiptasvæði á Teams fyrir UT tengiliði.
- Safna gögnum – ekki öllu lokið.
- Erum að færa Jamf yfir á tæki í grunnskólum.

### Með verkefninu á m.a að:

- Innleiða kerfi sem tryggir farsæla umsjón með Apple spjaldtölvum sem nýttar eru hjá .
- RVK og voru áður með umsjónarkerfið Lightspeed.
- Núverandi kerfi uppfyllir ekki kröfur um persónuvernd né þjónustustaðla UTR. Tæki bila og eru leiðinleg í notkun. Óánægja meðal notenda.
- Samningur við Lightspeed að renna út og brýn þörf á nýju kerfi.

### Ávinningur/ábati:

- Bætt umhverfi fyrir miðlæga stýringu á spjaldtölvum.
- Yfirsýn yfir notkun forrita.
- Aukið stafrænt öryggi notanda.
- Bætt notendaupplifun - færri bilanir og minna hökt.
- Betra námsumhverfi fyrir nemendur: Student app.
- Góð stýring fyrir kennara á kennslulausnum: Teacher app.

**Áætlaður kostnaður:** 21.441.000 kr.

**Tímarammi:** 6 mánuðir í heild, óskað eftir framlengingu um 3 mánuði.

### Óskað er eftir:

- Óskað er eftir heildarfjármögnun upp á 21.441.000 kr.
- Hækkun skýrist af:
  - Lengja þurfti verkefnatímamann um 3 mánuði.
  - Fleiri stofnanir eru með spjaldtölvur sem færast þurfa yfir í Jamf en kynnt var í fyrstu. Skv. áskorunarramma voru það bara grunnskólakennarar + nemendur.
- Fá aðkomu stafrænna leiðtoga vegna innleiðingu á Jamf í öðrum stofnunum en grunnskól um Reykjavíkur.

- Sú aðstoð felur aðallega í sér samskipti og upplýsingagjöf. Verkefnastjóri og verkefnateymi verða til aðstoðar.

**Næstu skref:**

- Klára uppsetningu í grunnskólum.
  - Þrír skólar alveg komnir yfir, 12 í vinnslu. Alls 39 skólar.
- Fá Mixtúru að borðinu – kennsla fyrir notendur í ágústlok.
- Færa aðrar stofnanir yfir í Jamf.
  - Finna þarf réttu leiðina til þess.
- Uppgjör og verklok.
- Útboð – Aðskilið verkefni.

**Tegund verkefnis:** Frumathugun (POC)**Skor verkefnisins í Fylkinu:**

Staðfest skor verkefnaráðs dags: 20.03.2024: 4 5 2 4 5 3    3,60

**Niðurstaða verkefnaráðs:**

Verkefni ekki samþykkt eins og lagt fyrir, klára miðað við upphaflegt umfang verkefnis.

**Ákvörðun**

Nr.	Ákvörðun
1	Breyting á umfangi verkefnis ekki samþykkt
2	

**Aðgerðalisti**

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir verkefnastjóra um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	x

[Aftur í efnisyfirlit](#)**Kynning á Búa**

Verkefnaráð óskaði eftir því að fá kynningu á Búa sem er nýtt heildarkerfi fyrir starfsfólk sem heldur utan um stuðning og þjónustu við íbúa.

Ákveðið var á fundi þann 7. desember 2023 að búa til heildarkerfi sem er regnhlíf yfir ráðgjafanum og Betri borg fyrir börn. Búi hefur tengingu við önnur kerfi sem auðveldar heildarsýn yfir þjónustu og stuðning. Búi er með örugga aðgangsstýringu fyrir starfsfólk og heldur utan um gögn og mál notanda.

**Kostnaður:** Fjármagn í hönnun á Búa kemur frá þeim verkefnum sem falla undir Búa t.d BBB, Ráðgjafanum og fleiri verkefna sem heyra þar undir.

### Niðurstaða verkefnaráðs:

Fín kynning, meiri skilningur. Skoða þarf aðrar lausnir (eins og CRM kerfi) sem hægt er að kaupa og sjá hvort það sé ekki mikill ábati í því. Verkefnaráð ráðleggur að farið verði í þarfagreiningu og í framhaldi að sett verði af stað markaðskönnun.

### Ákvörðun

Nr.	
1	Skoða hvort það séu lausnir á markaði sem uppfylla þarfirnar
2	

### Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir vörustjóra um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	x
	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra vef og vörustýringardeildar um niðurstöðu verkefnaráðs	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

## Önnur mál

### Skor í fylki

Skora þau verkefni sem ekki eru nú þegar með skor sem komu fyrir verkefnaráð í dag.

Sjá hér yfirlit yfir skor:

- MÍR kortið - 3,53
- Heimaþjónusta og búsetukerfi - 5,0
- Símkkerfi Reykjavíkurborgar (teams phone) Beðið með að skora verkefni þar til verkefnastjóri kemur með niðurstöðu frá Skóla og frístundasviði.
- Umsjónarkerfi fyrir spjaldtölvur MDM (Jamf) - 3,60
- Búi. Ekki skorað þar sem verkefnið er regnhlíf fyrir önnur verkefni sem fá skor.

Aftur í efnisyfirlit

**Næsti fundur:**

Næsti fundur verkefnaráðs ÞON verður haldinn 19.júní 2024